



441. fundur

**haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 11.september 2008 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Ólafur Guðmundsson, formaður, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Davíð Sveinsson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson.

Ólafur Guðmundsson setti fund og fól Erlu bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda

1. 0809009 - Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, dags. 09.09.2008 (110. fundur).

Fundargerð framlögð.

Liður 2 Móholt 10 – 12, parhús.

Skipavík ehf sækir um stækkun á húsi á áður samþykktum teikningum, stækkun á stofurýmum sbr. teikningu frá Skipavík/Sigurjóni Jónssyni dags. 1.10.2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt. Davíð sat hjá vegna tengsla.

Liður 3 Nesvegur 13. Endurnýjun á klæðningu.

Hörður Sigurðsson kt. 080257-3419 sækir um að klæða hlið hússins sem snýr út að Nesveg með stáli og timbri við glugga. Skriflegt samþykki meðlóðarhafa liggur fyrir sbr. bréf dags. 5.09.2008.

Erindi samþykkt.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. 0809008 - Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms, dags. 03.09.2008 (125. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

3. 0809003 - Fundargerð hafnarstjórnar, dags. 02.09.2008 (57. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

4. 0808032 - Fundargerð umhverfisnefndar, dags. 25.08.2008 (18. fundur).

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Aðrar fundargerðir

5. 0808035 - Fundargerð safnanefndar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, dags. 11.06.2008.

Fundargerð framlögð.

Erindi til kynningar

6. 0809020 - Evrópusáttmáli um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum.

Framlagt og samþykkt að vísa erindinu til jafnréttisnefndar.



- 7. 0809017 - Sarah Jane skila inn lóðinni, Hjallatangi 40.**
Framlagt.
- 8. 0809021 - Skipavík ehf. skilar inn lóðum við Móholt 2 og 4 og Hjallatanga 1.**
Framlagt.
- 9. 0809016 - Bréf Vinnueftirlitsins, dags. 03.09.2008 varðandi öryggi á vinnustöðum og erlendir starfsmenn.**
Framlagt.
- 10. 0809013 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 03.09.2008 varðandi breytingar við framkvæmd samræmdra könnunarprófa.**
Framlagt og erindi vísað til fræðslunefndar.
- 11. 0809006 - Kveðja til sveitarstjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sveitarfélaganna frá Þórði Skúlasyni fyrrverandi framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 01.09.2008.**
Framlagt.
- 12. 0809005 - Dagskrá hafnasambandsþings 2008, dags. 29.08.2008.**
Framlagt.
- 13. 0809004 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.08.2008 varðandi tillögur að stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda.**
Framlagt.
- 14. 0808037 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 27.08.2008 varðandi yfirlýsingu og bókun stjórnar sambandsins 22. ágúst 2008.**
Framlagt.
- 15. 0808036 - Bréf SSV dags. 27.08.2008 varðandi átaksverkefni til að auka þátttöku sveitarfélaga í evrópskum samstarfsáætlunum.**
Framlagt.
- 16. 0808033 - Ársskýrsla Umf. Snæfells 2007 og aðalfundur 11. mars 2008.**
Framlagt.
- 17. 0808030 - Bréf menntamálaráðuneytis, dags. 18.08.2008 varðandi námsgagnasjóð og afrit af gömlum bréfum.**
Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 18. 0809015 - Skipavík ehf. sækir um framkvæmdafrest við lóð að Hjallatanga 3.**
Samþykkt að veita Skipavík ehf. sex mánaða framkvæmdafrest, vegna aðstæðna á fasteignamarkaði. Davíð sat hjá vegna tengsla.
- 19. 0809014 - Skipavík ehf. óskar eftir að samningur Stykkishólmsbæjar og Skipavíkur vegna frístundalóða við Arnarborgir verði framlengdur um 2 ár.**
Samþykkt að framlengja samninginn um 2 ár. Davíð sat hjá vegna tengsla.
- 20. 0809012 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands, dags. 03.09.2008 varðandi lántöku vegna urðunarreinar í Fíflholtum.**
Bæjarráð samþykkir hér með að veita ábyrgð að sínum hluta vegna lántöku Sorpurðunar Vesturlands hf. hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. að fjárhæð allt að 35.000.000 kr. til 6 ára, með 5,0% breytilegum verðtryggðum vöxtum. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 6 mgr. 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til tryggingar ábyrgðinni standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 3. mgr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.
Jafnframt er Erlu Friðriksdóttur kt. 011268-5879, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Stykkishólmsbæjar veitingu ofangreindar ábyrgðar með



áritun á lánssamninginn.

21. 0809001 - Guðbjörn Þór Ævarsson sækir um framkvæmdafrest við lóð að Skúlagötu 25. Sótt er um frestinn vegna tafa á hönnun hússins og afhendingu teikninga.

Samþykkt að veita Guðbirni Þór Ævarssyni sex mánaða framkvæmdafrest, vegna tafa á hönnun og afhendingu teikninga.

Annað

22. 0809022 - Tillaga Erlu Friðriksdóttur, bæjarstjóra, um endurskoðun á leigu þjónustuíbúða.

Erla fór yfir viðvarandi rekstrarvanda á þjónustuíbúðum. Samþykkt að Erla bæjarstjóri endurskoði húsaleigu þjónustuíbúða og komi með tillögu.

23. Fyrirspurn frá Davíð Sveinssyni varðandi námsvist utan lögheimils.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir hvernig venja er að afgreiða svona mál.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 17:53

Þór Örn Jónsson